

# LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 30. apríl 2026.

Mál nr. 255/2025:

**Protabú E34 ehf.**

(Birgir Már Björnsson lögmaður  
Þórhallur Bergmann lögmaður, 2. prófmál)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Þorvaldur Hauksson lögmaður)

## Lykilorð

Gjaldþrotaskipti. Protabú. Riftun. Greiðsla. Ógjaldfærni. Grandsemi. Endurgreiðsla. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

## Útdráttur

Í málinu var deilt um riftunar- og endurgreiðslukröfu protabús E34 ehf. á hendur Í vegna átján nánar tilgreindra greiðslna félagsins til Í. Riftunarkrafa protabúsins byggðist á 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en til vara á 134. gr. sömu laga. Eftir að mál þetta var höfðað í héraði féllst Í á riftun fjögurra þessara greiðslna. Í ljósi þessa taldi Landsréttur að protabú E34 ehf. hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um riftun á þeim greiðslum og var kröfu þess um riftun þeirra því vísað frá Landsrétti án kröfu. Kom þá til skoðunar hvort lagaskilyrði stæðu til þess að rifta fjórtán greiðslum. Í ljósi atvika málsins og þeirrar stöðu sem uppi var í málinu komst Landsréttur að þeirri niðurstöðu að fullnægt væri því skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 að greiðslur E34 ehf. til Í hafi á ótilhlýðilegan hátt verið Í til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að eignir þrotamanns hefðu ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Við mat á skilyrði lagaákvæðisins um ógjaldfærni taldi Landsréttur sýnt fram á að E34 ehf. hafi verið ófært um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur á hendur félaginu féllu í gjalddaga á því tímamarki þegar fyrsta greiðslan sem krafist var riftunar á var innt af hendi og ekki sennilegt að greiðsluörðugleikar félagsins myndu líða hjá innan skamms á því tímamarki. Þá taldi Landsréttur að protabúinu hafi tekist sönnun um grandsemi Í um ógjaldfærni E34 ehf. þegar þær greiðslur sem krafist var riftunar á fóru fram. Var því fallist á kröfu protabús E34 ehf. um riftun fjórtán ráðstafana sem fólust í greiðslum E34 ehf. til Í á nánar tilgreindu tímabili. Í ljósi þessarar niðurstöðu féllst Landsréttur jafnframt á endurgreiðslukörfu protabúsins sem tók mið af tjóni þess, sbr. 3.mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 2. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 2025 í málinu nr. E-4508/2024.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslum E34 ehf. til stefnda samtals að fjárhæð 385.811.777 krónur, sem fram fóru 15. nóvember 2022 að fjárhæð 27.713.096 krónur, 5. desember 2022 að fjárhæð 1.848 krónur, 15. desember 2022 að fjárhæð 31.242.672 krónur, 16. janúar 2023 að fjárhæð 25.614.289 krónur, 6. febrúar 2023 að fjárhæð 484.776 krónur, 15. febrúar 2023 að fjárhæð 9.488.239 krónur, 28. febrúar 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, 15. mars 2023 að fjárhæð 28.803.768 krónur, 3. apríl 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, 3. apríl 2023 að fjárhæð 287.995 krónur, 5. apríl 2023 að fjárhæð 475.053 krónur, 15. maí 2023 að fjárhæð 20.392.619 krónur, 2. júní 2023 að fjárhæð 50.000.000 króna, 5. júní 2023 að fjárhæð 633.936 krónur, 15. júní 2023 að fjárhæð 22.491.696 krónur, 17. júlí 2023 að fjárhæð 21.248.262 krónur, 24. júlí 2023 að fjárhæð 16.275.832 krónur og 8. ágúst 2023 að fjárhæð 657.696 krónur.
- 3 Áfrýjandi krefst þess jafnframt að stefndi greiði honum 385.811.777 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 27.713.096 krónum frá 15. nóvember 2022 til 5. desember 2022, af 27.714.944 krónum frá þeim degi til 15. desember 2022, af 58.957.616 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2023, af 84.571.905 krónum frá þeim degi til 6. febrúar 2023, af 85.056.681 krónu frá þeim degi til 15. febrúar 2023, af 94.544.920 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 2023, af 159.544.920 krónum frá þeim degi til 15. mars 2023, af 188.348.688 krónum frá þeim degi til 3. apríl 2023, af 253.636.683 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2023, af 254.111.736 krónum frá þeim degi til 15. maí 2023, af 274.504.355 krónum frá þeim degi til 2. júní 2023, af 324.504.355 krónum frá þeim degi til 5. júní 2023, af 325.138.291 krónu frá þeim degi til 15. júní 2023, af 347.629.987 krónum frá þeim degi til 17. júlí 2023, af 368.878.249 krónum frá þeim degi til 24. júlí 2023, af 385.154.081 krónu frá þeim degi til 8. ágúst 2023, af 385.811.777 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 131.563.827 krónum sem greidd var 29. júlí 2024.
- 4 Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 5 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

## Niðurstaða

- 6 Áfrýjandi hefur í máli þessu uppi tvíþætta kröfu vegna 18 tiltekinna greiðslna sem E34 ehf., sem hét fyrir nafnabreytingu 12. ágúst 2023 Byggingarfélagið Upprisa ehf., innti af hendi til stefnda. Annars vegar gerir hann kröfu um riftun á 18 greiðslum E34 ehf. til stefnda sem fram fóru á tímabilinu frá 15. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023 samtals að fjárhæð 385.811.777 krónur. Hins vegar gerir hann endurgreiðslukröfu að sömu fjárhæð með nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum, að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 131.563.827 krónur.
- 7 Fyrir liggur að eftir að mál þetta var höfðað í héraði féllst stefndi á riftun samtals fjögurra greiðslna sem fóru fram á þremur dögum, 3. apríl 2023, 2. júní 2023 og 24. júlí 2023, samtals að fjárhæð 131.563.827 krónur, og greiddi áfrýjanda þá fjárhæð 29. júlí 2024. Áfrýjandi hefur í ljósi þessa ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um riftun á þeim greiðslum. Verður kröfu hans um riftun þeirra því vísað frá héraðsdómi án kröfu.
- 8 Að fenginni fyrrgreindri niðurstöðu um frávísun að hluta kemur til skoðunar hvort lagaskilyrði standi til þess að rifta þeim greiðslum sem eftir standa. Áfrýjandi reisir kröfur sínar um riftun aðallega á hinni almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Til vara byggir áfrýjandi á 1. mgr. 134. gr. sömu laga en í því tilvik er aðeins krafist riftunar á þeim ráðstöfunum sem áttu sér stað sex mánuðum fyrir frest dag, eða sjö ráðstöfunum að teknu tilliti til framangreindrar niðurstöðu um frávísun krafna um riftun fjögurra nánar tilgreindra ráðstafana.
- 9 Riftunarreglur XX. kafla laga nr. 21/1991 heimila þrotabúi að ónýta með afturvirkum hætti ráðstafanir þrotamanns í þeim tilgangi meðal annars að draga fleiri eignir undir skiptin til hagsbóta fyrir kröfuhafa búsins. Eitt helsta hlutverk og markmið riftunarreglnanna er að tryggja jafnræði kröfuhafa þannig að enginn þeirra hagnist á ráðstöfunum þrotamanns í aðdraganda gjaldþrots umfram aðra kröfuhafa. Ákvæði 141. gr. laga nr. 21/1991 heimilar þrotabúi að krefjast riftunar ráðstöfunar sem er ótilhlýðileg. Í því felst að ráðstöfunin hafi verið kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiði til þess að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Í öllum þremur tilvikum er áskilið að skuldari hafi verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar og að sá sem hag hafði af henni vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Það hvílir á áfrýjanda að sanna að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt.
- 10 Greiðslur þær sem E34 ehf. innti af hendi til stefnda á tímabilinu 15. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023 námu samtals 385.811.777 krónum. Sem fyrr greinir hefur stefndi fallist á riftun greiðslna að fjárhæð 131.563.827 krónur og greitt áfrýjanda þá fjárhæð. Þær greiðslur sem eftir standa voru staðgreiðsla launa og tryggingargjalds og virðisaukaskattur sem E34 ehf. innti af hendi á eindaga og gjalddaga og bar að standa skil á samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og laga nr.

50/1988 um virðisaukaskatt. Þá var ein greiðslan á grundvelli greiðsluáætlunar sem gerð hafði verið á milli áfrýjanda og innheimtumanns ríkissjóðs, sem á höfuðborgarsvæðinu er ríkisskattstjóri (Skatturinn), en greiðslunni var ráðstafað til greiðslu vangoldins virðisaukaskatts.

- 11 Við mat á því hvort ráðstöfun sé ótilhlýðileg skal litið til atvika í heild sinni og þeirrar stöðu sem uppi var þegar hún átti sér stað. Kröfur stefnda sem hann fékk greiddar njóta ekki sérstöðu í tengslum við riftunarreglur gjaldþrotalaga þótt þær hafi átt rætur að rekja til staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts með lögbundna gjalddaga og eindaga. Slíkar kröfur njóta stöðu í réttindaröð við gjaldþrotaskipti sem almennar kröfur eftir 113. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslur skatta og opinberra gjalda á gjalddaga og eindaga á grundvelli laga geta því eins og aðrar greiðslur talist ótilhlýðilegar og riftanlegar meðal annars ef með þeim er raskað jafnræði kröfuhafa.
- 12 Í málinu liggur fyrir skrá 26. febrúar 2024 um allar lýstar kröfur í áfrýjanda og kröfulýsingar kröfuhafa. Lýstar forgangskröfur eru 208.337.097 krónur og almennar kröfur 2.299.098.825 krónur eða samtals 2.507.435.922 krónur. Eins og fyrr hefur verið rakið nemur fjárfraða áfrýjanda í málinu 385.811.777 krónum. Samkvæmt kröfulýsingum Skattsins og sýslumannsins á Suðurnesjum var E34 ehf. í vanskilum með opinber gjöld að fjárhæð 442.923.485 krónur þegar bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta. Liggur því fyrir að stefndi fékk talsverðan hluta krafna sinna greiddan með ráðstöfunum E34 ehf. frá 15. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023. Ljóst er að E34 ehf. var í umtalsverðum vanskilum þegar greiðslur, sem krafist er riftunar á, voru inntar af hendi til stefnda. Innheimtumaður ríkissjóðs gerði 16 greiðsluáætlanir við félagið á grundvelli laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Þær greiðsluáætlanir fólu í sér frestun innheimtuaðgerða af hálfu stefnda en ekki raunhæfa endurskipulagningu á fjárhag E34 ehf., sérstaklega þegar litið er til greiðsluáætlana sem gerðar voru frá árinu 2022. Verður því ekki fallist á það með stefnda að greiðslurnar hafi verið tilhlýðilegar þar eð þær hafi verið liður í endurskipulagningu fjárhags E34 ehf. Af kröfulýsingum verður ráðið að umtalsverður hluti krafna kröfuhafa voru gjaldfallnar þegar á árinu 2022. Það á bæði við um forgangskröfur samkvæmt 112. gr. og almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Verður því fallist á það með áfrýjanda að stefndi hafi fengið umfram aðra kröfuhafa að umtalsverðu leyti greiddar kröfur sem hefðu ella notið stöðu almennra krafna við gjaldþrotaskipti áfrýjanda samkvæmt 113. gr. laganna. Með því var raskað framangreindri meginreglu um jafnræði kröfuhafa. Engin efni eru til þess að líta svo á að þeir fjármunir sem félagið innti af hendi til stefnda hefðu ekki runnið til áfrýjanda.
- 13 Er samkvæmt framangreindu fullnægt því skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 að greiðslur E34 ehf. til stefnda hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að eignir þrotamanns voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum.

- 14 Áfrýjandi byggir á því að E34 ehf. hafi verið ógjaldfært í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 þegar greiðslur félagsins voru inntar af hendi til stefnda. Skilyrði 141. gr. um ógjaldfærni þrotamanns hefur verið skýrt með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 64. gr. sömu laga, sbr. meðal annars dóm Landsréttar 26. mars 2026 í máli nr. 974/2024. Verður því að leggja til grundvallar að skuldari sé ógjaldfær í skilningi 141. gr. þegar svo er orðið ástatt fyrir honum að hann geti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga eða innan skamms tíma frá því.
- 15 Um ógjaldfærni E34 ehf. byggir áfrýjandi einkum á rafrænu bókhaldi félagsins, yfirliti yfir gjaldfallnar kröfur, stöðu hjá innheimtumanni ríkissjóðs, kröfulýsingum í þrotabúið, greiðsluáætlunum og samskiptum við starfsmenn innheimtumanns ríkissjóðs. Hvorugur aðila hefur aflað matsgerðar dómkvaddis matsmanns. Kemur þá til skoðunar hvort sannað sé á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, gegn mótmælum stefnda, að E34 ehf. hafi verið ógjaldfært á þeim tímamörkum sem áfrýjandi byggir á. Við úrlausn þess verður að leggja til grundvallar meginreglu einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat sem kemur einkum fram í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í hinum áfrýjaða dómi var talið ósannað að E34 ehf. hefði verið ógjaldfært í árslok 2022 en slá mætti því föstu að það hefði félagið verið í maí 2023. Stefndi byggir á því að ósannað sé að félagið hafi verið orðið ógjaldfært á umþrættum tímamörkum. Stefndi mótmælir á hinn bóginn ekki tölulegri framsetningu áfrýjanda, meðal annars um stöðu áfallinna krafna, sem byggist á framangreindum gögnum.
- 16 Gögn málsins bera með sér að vanskil E34 ehf. hafi átt sér langa sögu. Þannig liggur fyrir að innheimtumaður ríkissjóðs gerði 16 greiðsluáætlanir við félagið frá 22. janúar 2020 til 14. febrúar 2023. Um slíkar greiðsluáætlanir gilda lög nr. 150/2019. Í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að innheimtumanni ríkissjóðs sé heimilt að gera greiðsluáætlun við gjaldanda um skatta, gjöld og sektir að beiðni gjaldanda. Greiðsluáætlun feli í sér viðurkenningu gjaldanda á kröfu og rjúfi fyrningu hennar. Gild greiðsluáætlun fresti innheimtuaðgerðum vegna skatta, gjalda og sekta sem undir hana falla nema hætta sé á að hagsmunir ríkissjóðs fari annars forgörðum. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að lögboðnir dráttarvextir leggist á skatta, gjöld og sektir þrátt fyrir að um þau hafi verið gerð greiðsluáætlun. Samkvæmt verklagsreglum sem ríkisskattstjóri setti á grundvelli 6. mgr. 12. gr. laganna er greiðsluáætlunum skipt í 13 flokka, þar á meðal flokk M sem gildir um þá aðila sem ekki hafa sætt vanskilaaðgerðum og flokk B sem á við um lögaðila sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá.
- 17 Fyrir liggur að stefndi gerði árangurslaust fjárnám hjá E34 ehf. í mars 2021. Að teknu tilliti til framangreindra verklagsreglna ríkisskattstjóra tók flokkun sex greiðsluáætlana af sjö í kjölfarið mið af því og voru þær flokkaðar í flokk B. Í þeim var að finna svohljóðandi yfirlýsingu af hálfu E34 ehf.: „Því er hér með lýst yfir fyrir hönd félagsins að verði ekki staðið við greiðsluáætlun þessa sé það vegna þess að félagið er eignalaust og geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur

þeirra falla í gjalddaga, þ.m.t. greiðsluáætlun þessi og að ekki er sennilegt að greiðsluörðugleikar félagsins líði hjá innan skamms tíma. Okkur er ljóst að á grundvelli þessarar yfirlýsingar geti innheimtumaður ríkissjóðs sett fram kröfu um gjaldþrotaskipti á búi félagsins á næstu 12 mánuðum, skv. 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, verði ekki staðið við greiðsluáætlun þessa.“ Gjald dagar greiðslna eftir hverri og einni greiðsluáætlun voru tilgreindir þar. Samkvæmt skilmálum áætlanna var gert ráð fyrir að gjaldandi hefði 30 daga til að greiða kröfu eftir gjalddaga.

- 18 Fyrsta greiðsluáætlunin sem gerð var við E34 ehf. 22. janúar 2020 sýnir að skuldastaða félagsins vegna skatta og opinberra gjalda var þá að fjárhæð 44.103.206 krónur. Samkvæmt gögnum málsins námu slíkar gjaldfallnar kröfur á hendur E34 ehf. 234.311.000 krónum um áramótin 2020/2021. Á árinu 2021 voru gerðar fjórar greiðsluáætlanir, sú síðasta 27. september og sýndi hún skuldastöðu upp á 292.288.858 krónur. Í henni var ráðgert að E34 ehf. myndi greiða fjárhæðina með greiðslu 15.000.000 króna á sex nánar tilgreindum gjalddögum frá byrjun október 2021 til mars 2022 og loks lokagreiðslu að fjárhæð 202.288.858 krónur 1. apríl 2022. Samkvæmt málatilbúnaði stefnda greiddi áfrýjandi fimm greiðslur en ljóst er að lokagreiðslan var ekki innt af hendi. Í lok árs 2021 skuldaði félagið 283.144.756 krónur í skatta og opinber gjöld. Á árinu 2022 voru gerðar tvær greiðsluáætlanir. Sú fyrri 3. maí 2022 sýnir að skuldir E34 ehf. vegna skatta og opinberra gjalda námu 228.213.176 krónum á því tímamarki. Óumdeilt er að félagið greiddi aðeins hluta krafna stefnda samkvæmt greiðsluáætluninni og ekkert eftir 4. nóvember 2022. Sú síðari var gerð 4. nóvember 2022 og gerði hún ráð fyrir greiðslum skulda að fjárhæð 183.185.928 krónur en engar greiðslur fóru fram á grundvelli áætlunarinnar. Samkvæmt gögnum málsins voru kröfur á hendur E34 ehf. að fjárhæð 796.645.815 krónur gjaldfallnar um áramótin 2022/2023, en þar af voru kröfur stefnda að fjárhæð 309.204.169 krónur, sem munu svo hafa hækkað upp í um 360 milljónir króna í kjölfar endurákvörðunar virðisaukaskatts í janúar 2023. Síðasta greiðsluáætlun við E34 ehf. er frá 14. febrúar 2023. Samkvæmt henni skyldi félagið greiða stefnda samtals 371.078.127 krónur á gjalddögum frá 14. febrúar 2023 til 1. júní sama ár. Félagið greiddi samtals 130.000.000 króna 28. febrúar og 4. apríl. Fyrir liggur í gögnum málsins að gjaldfallnar kröfur á hendur E34 ehf. voru samtals að fjárhæð 930.213.446 krónur 8. júní 2023, þremur mánuðum fyrir frestdag við gjaldþrotaskipti félagsins. Samtals nema forgangskröfur og almennar kröfur í bú félagsins sem fyrr segir 2.507.435.922 krónum.
- 19 Af framangreindu verður ráðið að skuldastaða E34 ehf. fór sífellt versnandi, sé miðað við stöðuna eins og hún var um hver áramót frá árinu 2020. Fjárhagsleg staða félagsins var enn fremur með þeim hætti frá janúar 2020 að félagið óskaði ítrekað eftir því við innheimtumann ríkissjóðs að gerðar yrðu greiðsluáætlanir vegna vanskila á sköttum og opinberum gjöldum. Árangurslaust fjárnám var gert hjá E34 ehf. í mars 2021 og í kjölfarið tóku flestar greiðsluáætlanir mið af því, sem fyrr greinir. Í þeim kom fram yfirlýsing félagsins um ógjaldfærni ef ekki yrði staðið við hverja og eina

greiðsluáætlun. Gögn málsins bera með sér að verulega hafi vantað upp á að félagið hafi getað staðið í skilum við skuldbindingar sínar á grundvelli greiðsluáætlana og voru þær ítrekað felldar úr gildi. Á grundvelli gagna málsins um fjárhagsstöðu E34 ehf. og heildarmats á þeim er því sannað að félagið hafi verið ófært um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur á hendur félaginu féllu í gjalddaga á því tímamarki þegar fyrsta greiðslan sem krafist er riftunar á 15. nóvember 2022 var innt af hendi. Þá var ekki sennilegt að greiðsluörðugleikar félagsins myndu líða hjá innan skamms á því tímamarki. Gögn málsins benda þannig til þess að fjárhagur félagsins hafi ekki farið batnandi, heldur þvert á móti stefnt í enn frekara óefni eftir því sem á leið, sem endaði með því að félagið var úrskurðað gjaldþrota 9. nóvember 2023. Er því fullnægt því skilyrði að félagið hafi verið ógjaldfært þegar þær fjórtán ráðstafanir sem krafist er riftunar á fóru fram.

- 20 Að framangreindu gættu kemur því næst til skoðunar hvort fullnægt sé því skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 að stefndi, og þá einkum starfsmenn innheimtumanns ríkissjóðs, hafi vitað eða mátt vita af ógjaldfærni E34 ehf. og þeim aðstæðum sem leiddu til þess að ráðstafanir félagsins voru ótilhlýðilegar. Í hinum áfrýjaða dómi var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að sannað væri að E34 ehf. hefði verið orðið ógjaldfært í maí 2023 en því hafnað að stefndi hefði verið grandsamur um það.
- 21 Stefndi hefur borið því við að innheimtumaður ríkissjóðs hafi verið í góðri trú um að greiðsluferfiðleikar E34 ehf. væru tímabundnir og að félaginu myndi lánast að endurskipuleggja rekstur sinn. Innheimtumaður hafi hvorki vitað né mátt vita um uppsagnir á starfsmönnum félagsins, sem mun hafa verið um mánaðamótin apríl/maí 2023, og því síður um viðskipti félagsins við aðra kröfuhafa. Þá hafi engar fullnustugerðir farið fram gegn félaginu á þeim tímamörkum sem þýðingu hafi.
- 22 Í áður nefndum verklagsreglum ríkisskattstjóra um greiðsluáætlanir er meðal annars vikið að því hvenær innheimtumanni ríkissjóðs sé heimilt og skylt að fella greiðsluáætlun úr gildi. Þar kemur fram í 7. gr. að það sé heimilt ef forsendur fyrir gerð hennar séu brostnar. Þá segir að gjaldandi eigi ekki að stofna til frekari vanskila meðan á gildistíma greiðsluáætlunar standi. Gjaldandi verði að greiða allar kröfur sem falli í gjalddaga eftir móttöku greiðsluáætlunar samhliða því að greiða samkvæmt greiðsluáætlun, ella sé innheimtumanni ríkissjóðs heimilt að ógilda hana. Innheimtumanni beri í þeim efnum að fylgja meðalhófsreglu og þannig til dæmis ekki fella greiðsluáætlun úr gildi ef vanskil á nýjum álagningum séu minni háttar. Þá kemur fram að innheimtumaður ríkissjóðs skuli fylgjast sérstaklega með gjaldendum sem skuldi háar fjárhæðir eða sem reynslan sýni að eigi erfitt með að standa í skilum við ríkissjóð. Stofni slíkur gjaldandi til frekari vanskila á gildistíma greiðsluáætlunar beri innheimtumanni ríkissjóðs að ógilda hana. Eigi það sérstaklega við ef gjaldandi vanræki greiðslu vörsluskatta.
- 23 Fallist er á það með stefnda að ekki verði gerðar þær kröfur til innheimtumanns ríkissjóðs að hann hafi mátt vita af stöðu E34 ehf. gagnvart öðrum einkaréttarlegum

kröfuhöfum. Þá liggur fyrir að engar fullnustugerðir höfðu átt sér stað gagnvart félaginu frá því að stefndi lét gera árangurslaust fjárnám hjá því í mars 2021.

- 24 Svo sem fram hefur komið gerði innheimtumaður ríkissjóðs fjölda greiðsluáætlana við E34 ehf. sem tóku mið af versnandi skuldastöðu félagsins. Var innheimtumaður því í þeirri stöðu gagnvart félaginu að hafa aðgang að upplýsingum sem vörðuðu stöðu skulda félagsins gagnvart ríkissjóði. Hin alvarlega fjárhagslega staða vegna skatta og opinberra gjalda, sem lýst var hér að framan, lá fyrir í langan tíma og bar innheimtumanni ríkissjóðs á grundvelli framangreindra verklagsreglna að fylgjast sérstaklega með E34 ehf.
- 25 Í gögnum málsins er að finna ýmis tölvupóstsamskipti milli starfsmanna E34 ehf. og starfsmanna innheimtumanns ríkissjóðs. Fjármálastjóri félagsins sendi 30. ágúst 2022 tölvuskeyti á starfsmann innheimtumanns þar sem fram kom að ekki næðist að greiða 15.000.000 króna kröfu samkvæmt greiðsluáætlun sem var þá á gjalddaga um mánaðamótin. Er þar sýnilega átt við greiðsluáætlun 3. maí 2022. Skeytinu var svarað af starfsmanni innheimtumanns ríkissjóðs samdægurs þannig að „[það] þyrfti þá að koma 30 milljónir í sept.“, sem fjármálastjóri E34 ehf. samþykkti. Í áframhaldandi samskiptum þennan sama dag kom fram hjá starfsmanninum að ekki væri unnt að sleppa greiðslu eins mánaðar „þar sem heildarskuldin [væri] svo há.“ Ljóst er að ekki var staðið við greiðslu þeirrar fjárhæðar sem um hafði samist. Ný greiðsluáætlun var gerð 4. nóvember 2022 en sem fyrr greinir var engin greiðsla innt af hendi samkvæmt henni. Í desember sama ár áttu aðilar í áframhaldandi samskiptum. Af skeyti frá starfsmanni innheimtumanns ríkissjóðs 22. desember 2022 verður ráðið að ný vanskil hafi leitt til þess að greiðsluáætlunin hafi fallið úr gildi. Fjármálastjóri E34 ehf. spurðist þá fyrir um hvort hann gæti „bætt þessu við greiðsluplanið“ og var því svarað að það þyrfti að greiða ný vanskil samhliða greiðsluáætlun svo hún myndi ekki falla úr gildi. Sama afstaða kom fram í skeyti 5. janúar 2023. Í svari fjármálastjóra E34 ehf. 10. janúar 2023 var tiltekið að hann hefði verið í sambandi við eiganda félagsins og þeir myndu „koma fljótlega til baka með framhaldið.“ Viku síðar, eða 17. sama mánaðar, kom fram í tölvuskeyti fjármálastjórans ósk um að endurvekja greiðslusamkomulag. Í svari deildarstjóra lögfræðisinnheimtu innheimtumanns ríkissjóðs degi síðar kom fram að frá því að síðasta greiðsluáætlun hefði verið gerð hefði „bæst við kröfurnar endurákværðaður virðisaukaskattur sem [næmi] nú rúmlega 163 milljónum.“ Þá sagði: „[kröfurnar] sem [eru] umfram þær kröfur sem voru í síðustu greiðsluáætlun vil ég fá greiddar áður en gerð er önnur greiðsluáætlun.“ Skeytinu var svarað af stjórnarformanni E34 ehf. 23. janúar og gerð tillaga um greiðslur frá febrúar til desember 2023. Í svari deildarstjórans 31. janúar sagði að hún hefði viljað sjá hærri greiðslur, en frá því að greiðsluáætlun félagsins frá nóvember 2022 hefði verið gerð ógild í byrjun desember það ár hefði ekki verið greitt inn á eldri vanskil. Félagið skuldaði 369 milljónir króna. Þá sagði að „[það væri] eitthvað mikið að þegar svo háar skuldir [væru] í vanskilum í vörslusköttum. Félagið [yrði] að finna sér annað viðskiptamódel en að fjármagna sig með vörslusköttum.“ Stjórnarformaður

E34 ehf. svaraði 4. febrúar og gerði nýja tillögu um greiðsludreifingu frá febrúar til desember. Með tölvuskeyti 14. febrúar samþykkti deildarstjóri lögfræðiiinnheimtu innheimtumanns ríkissjóðs fyrrgreinda greiðsludreifingu og tiltók að „[ef ekki væri] staðið við greiðsluáætlunina þá [teldi hún] fullreynt að félagið [næði] að leysa úr skuldastöðu sinni við ríkissjóð og það [væri] engin leið í stöðunni nema að krefjast gjaldþrots á félaginu.“ Gerð var ný greiðsluáætlun þann sama dag sem gerði ráð fyrir að E34 ehf. greiddi samtals 371.078.127 krónur en ekki var staðið við áætlunina nema að hluta, eins og áður greinir.

- 26 Staða félagsins eins og hún birtist innheimtumanni ríkissjóðs gaf samkvæmt framangreindu stefnda ítrekað og ríkt tilefni til að líta svo á að félagið gæti ekki staðið í fullum skilum við kröfuhafa sína þegar kröfur féllu í gjalddaga og ekki væri sennilegt að greiðsluörðugleikar hans myndu líða hjá innan skamms. Er í þeim efnunum litið til þess sem rakið hefur verið að framan, meðal annars um vanskil E34 ehf. um árabíl, versnandi skuldastöðu félagsins, yfirlýsingar um ógreiðslufærni, þeirrar staðreyndar að félagið stóð ítrekað ekki við greiðsluáætlanir sem margoft voru felldar úr gildi og samskipta starfsmanna innheimtumanns ríkissjóðs við starfsmenn E34 ehf. Með hliðsjón af heildarmati á þessum aðstæðum sem uppi voru verður fallist á að áfrýjanda hafi tekist sönnun um grandsemi stefnda um ógjaldfærni E34 ehf. þegar þær greiðslur sem krafist er riftunar á fóru fram.
- 27 Samkvæmt öllu framangreindu verður fallist á kröfu áfrýjanda um riftun 14 ráðstafana sem fólust í greiðslum E34 ehf. til stefnda á tímabilinu 15. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023 eins og nánar greinir í dómsorði.
- 28 Eftir þessari niðurstöðu ber að fallast á að stefndi greiði áfrýjanda bætur eftir 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, enda varð áfrýjandi fyrir tjóni sem nemur fjárhæð hinna riftanlegu ráðstafana. Höfuðstóll fjárkröfu áfrýjanda er að fjárhæð 385.811.777 krónur og miðar við 18 ráðstafanir sem gerðar voru innan þeirra tímamarka sem greinir í kröfugerð áfrýjanda. Fyrir liggur, sem fyrr segir, að stefndi féllst á riftun fjögurra ráðstafana og greiddi áfrýjanda 131.563.827 krónur 29. júlí 2024. Kröfugerð áfrýjanda miðar við að til frádráttar höfuðstóli komi sú fjárhæð. Stefndi byggir á því að sýkna beri hann af fjárkröfum áfrýjanda sem varðar þessar fjórar ráðstafanir. Fyrir liggur að greiðsla stefnda fór fram eftir að málið var höfðað í héraði en þá hafði áfrýjandi sett fram kröfu um vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma sem hver hinna riftanlegu greiðslna var innt af hendi. Greiðsla stefnda tók ekki mið af því heldur nam hún þeim höfuðstól sem krafist var. Eftir meginreglum kröfuréttar var áfrýjanda heimilt að ráðstafa greiðslunni fyrst til greiðslu vaxta áður en greitt var inn á höfuðstól. Verður því ekki fallist á með stefnda að sýkna beri hann af kröfum vegna þeirra fjögurra ráðstafana sem um ræðir. Samkvæmt framangreindu ber stefnda að greiða áfrýjanda 385.811.777 krónur að frádræginni greiðslu stefnda 29. júlí 2024 að fjárhæð 131.533.827 krónur.

- 29 Áfrýjandi hefur einnig uppi kröfu um greiðslu vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 sem lýtur að vöxtum á skaðabótakröfur. Hér að framan hefur verið fallist á endurgreiðslukröfu áfrýjanda sem tekur mið af tjóni hans, sbr. 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Eru því uppfyllt skilyrði til greiðslu vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001. Framsetning kröfugerðarinnar að þessu leyti tekur mið af því að vextir leggist á hverja fjárhæð frá þeim tíma sem hver greiðsla var innt af hendi. Er þá sem endranær gengið út frá því að við uppgjör kröfunnar verði farin sú leið að reikna út stöðu kröfunnar eins og hún var þegar innborgunin var innt af hendi.
- 30 Þá er fallist á dráttarvaxtakröfu áfrýjanda sem og upphafsdag þeirrar kröfu sem er í samræmi við 9. gr. laga nr. 38/2001.
- 31 Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti eins og nánar greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Vísað er frá héraðsdómi kröfum áfrýjanda, þrotabús E34 ehf., um riftun greiðslna til stefnda, íslenska ríkisins, sem fram fóru 3. apríl 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna og 287.995 krónur, 2. júní 2023 að fjárhæð 50.000.000 króna og 24. júlí 2023 að fjárhæð 16.275.832 krónur.

Rift er greiðslum E34 ehf. til stefnda sem fram fóru 15. nóvember 2022 að fjárhæð 27.713.096 krónur, 5. desember 2022 að fjárhæð 1.848 krónur, 15. desember 2022 að fjárhæð 31.242.672 krónur, 16. janúar 2023 að fjárhæð 25.614.289 krónur, 6. febrúar 2023 að fjárhæð 484.776 krónur, 15. febrúar 2023 að fjárhæð 9.488.239 krónur, 28. febrúar 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, 15. mars 2023 að fjárhæð 28.803.768 krónur, 5. apríl 2023 að fjárhæð 475.053 krónur, 15. maí 2023 að fjárhæð 20.392.619 krónur, 5. júní 2023 að fjárhæð 633.936 krónur, 15. júní 2023 að fjárhæð 22.491.696 krónur, 17. júlí 2023 að fjárhæð 21.248.262 krónur og 8. ágúst 2023 að fjárhæð 657.696 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 385.811.777 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 27.713.096 krónum frá 15. nóvember 2022 til 5. desember 2022, af 27.714.944 krónum frá þeim degi til 15. desember 2022, af 58.957.616 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2023, af 84.571.905 krónum frá þeim degi til 6. febrúar 2023, af 85.056.681 krónu frá þeim degi til 15. febrúar 2023, af 94.544.920 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 2023, af 159.544.920 krónum frá þeim degi til 15. mars 2023, af 188.348.688 krónum frá þeim degi til 3. apríl 2023, af 253.636.683 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2023, af 254.111.736 krónum frá þeim degi til 15. maí 2023, af 274.504.355 krónum frá þeim degi til 2. júní 2023, af 324.504.355 krónum frá þeim degi til 5. júní 2023, af 325.138.291 krónu frá þeim degi til 15. júní 2023, af 347.629.987 krónum frá þeim degi til 17. júlí 2023, af 368.878.249 krónum frá þeim degi til 24. júlí 2023, af 385.154.081 krónu frá þeim

degi til 8. ágúst 2023, af 385.811.777 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 131.563.827 krónum sem greiddar voru 29. júlí 2024.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 3.600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 2025.**

#### *Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar sl., höfðaði E34 ehf., Sigtúni 42, Reykjavík, 25. júlí 2024, gegn íslenska ríkinu, Arnarholli, Reykjavík.
- 2 Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:
  1. Að rift verði með dómi greiðslum E34 ehf., til stefnda íslenska ríkisins, samtals að fjárhæð 385.811.777 kr., sem fram fóru þann 15. nóvember 2022, fjárhæð 27.713.096 kr., þann 5. desember 2022, fjárhæð 1.848 kr., þann 15. desember 2022, fjárhæð 31.242.672 kr., þann 16. janúar 2023, fjárhæð 25.614.289 kr., þann 6. febrúar 2023, fjárhæð 484.776 kr., þann 15. febrúar 2023, fjárhæð 9.488.239 kr., þann 28. febrúar 2023, fjárhæð 65.000.000 kr., þann 15. mars 2023, fjárhæð 28.803.768 kr., þann 3. apríl 2023, fjárhæð 65.000.000 kr., þann 3. apríl 2023, fjárhæð 287.995 kr., þann 5. apríl 2023, fjárhæð 475.053 kr., þann 15. maí 2023, fjárhæð 20.392.619 kr., þann 2. júní 2023, fjárhæð 50.000.000 kr., þann 5. júní 2023, fjárhæð 633.936 kr., þann 15. júní 2023, fjárhæð 22.491.696 kr., þann 17. júlí 2023, fjárhæð 21.248.262 kr., þann 24. júlí 2023, fjárhæð 16.275.832 kr., og þann 8. ágúst 2023, fjárhæð 657.696 kr.
  2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 385.811.777 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 27.713.096 frá 15. nóvember 2022 til 5. desember 2022, af kr. 27.714.944 frá 5. desember 2022 til 15. desember 2022, af kr. 58.957.616 frá 15. desember 2022 til 16. janúar 2023, af kr. 84.571.905 frá 16. janúar 2023 til 17. janúar 2023, af kr. 84.631.905 frá 17. janúar 2023 til 6. febrúar 2023, af kr. 85.056.681 frá 6. febrúar 2023 til 15. febrúar 2023, af kr. 94.544.920 frá 15. febrúar 2023 til 28. febrúar 2023, af kr. 159.544.920 frá 28. febrúar 2023 til 15. mars 2023, af kr. 188.348.688 frá 15. mars 2023 til 3. apríl 2023, af kr. 253.636.683 frá 3. apríl 2023 til 5. apríl 2023, af kr. 254.111.736 frá 5. apríl 2023 til 15. maí 2023, af kr. 274.504.355 frá 15. maí 2023 til 2. júní 2023, af kr. 324.504.355 frá 2. júní 2023 til 5. júní 2023, af kr. 325.138.291 frá 5. júní 2023 til 15. júní 2023, af kr. 347.629.987 frá 15. júní 2023 til 17. júlí 2023, af kr. 368.878.249 frá 17. júlí 2023 til 24. júlí 2023, af kr. 385.154.081 frá 24. júlí 2023 til 8. ágúst 2023, af kr. 385.811.777 frá 8. ágúst 2023 til 11. ágúst 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá 11. ágúst 2024 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 131.563.827 frá 29. júlí 2024.

Að auki krefst stefnandi málskostnaðar.

- 3 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

#### *Helstu málsatvik og ágreiningsefni*

- 4 Bú stefnanda, einkahlutfélagsins E34 ehf. (áður Byggingafélagið Upprisa ehf.), var tekið til gjaldþrotaskipta 9. nóvember 2023. Frestdagur við skiptin er 8. september 2023. Skiptabeiðandi var Gildilífeyrissjóður á grundvelli greiðsluáskorana vegna vangreiddra lífeyris- og félagsgjalda að fjárhæð 101.440.054 krónur. Samkvæmt kröfuskrá 26. febrúar 2024 nemur fjárhæð lýstra krafna á hendur þrotabúinu 2.509.484.019 krónum, en búið mun vera eignalaust.

- 5 Stefnandi sérhæfði sig í nýbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnaðis og heildarendurbótum fasteigna. Helstu verkefni félagsins í aðdraganda gjaldþrotaskiptanna voru m.a. bygging fjölbýlishúsa að Eyrarvegi 34a og 34b, Selfossi, samkvæmt verksamningi frá nóvember og desember 2021, og endurbygging og viðbygging fasteignar að Brautarholti 16, 18 og 20, Reykjavík, samkvæmt verksamningi frá júlí 2022, auk framkvæmda við Sementsreit 13-15 og Suðurgötu 92-96, Akranesi, og að Fögruvöllum 2, Hafnarfirði. Af gögnum málsins verður ráðið að félagið hafi verið í rekstri til ágústmánaðar 2023 og haft á bilinu 78-135 starfsmenn á launum á síðustu 12 mánuðum fyrir frest dag, en þeir munu hafa verið 78 þegar starfsemi lauk endanlega í ágúst 2023. Verklök samkvæmt nefndum verksamningum voru áætluð um mitt ár og í árslok 2023.
- 6 Eini stjórnarmaður félagsins frá apríl 2006 var Óli Valur Steindórsson, ásamt því að vera skráður prókúruhafi á sama tímabili. Hann var auk þess eigandi félagsins í gegnum móðurfélagið Fastefli ehf. Sonur Óla Vals, Steindór Snær, var frá 1. júlí 2017 skráður framkvæmdastjóri stefnanda, prókúruhafi og varamaður í stjórn. Tengdust þeir feðgar mörgum félögum sem stefnandi var í umfangsmiklum viðskiptum við vegna leigu og byggingaframkvæmda. Á hluthafafundi félagsins 12. ágúst 2023 var nafni þess og lögheimili breytt. Í október 2023, skömmu fyrir gjaldþrot félagsins, var það selt til Ainars Berzins, með ríkisfang í Lettlandi, og hann skráður eini stjórnarmaður þess í stað Óla Vals. Á sama tíma var Steindór Snær skráður frá störfum fyrir félagið.
- 7 Við skýrslugjöf Óla Vals hjá skiptastjóra, 1. desember 2023, upplýsti hann að rekstur stefnanda hefði gengið vel fram að Covid-19 heimsfaraldrinum 2020, en þá hafi rekstrarumhverfið orðið erfiðara. Í ársreikningi stefnanda fyrir árið 2021, sem er síðasti ársreikningur sem skilað var fyrir félagið, kom m.a. fram að fyrri hluta árs 2021 hafi verið nokkuð um vanskil hjá félaginu vegna greiðslufalls verkkaupa, sem leitt hafi til dýrari fjármögnunar en nokkur árangur hafi náðst á árinu við bættu fjárhagsskipan.
- 8 Stefnandi hafði fyrir gjaldþrotið verið í vanskilum með opinber gjöld. Á tímabilinu 22. janúar 2020 til 13. febrúar 2023 gerði Skatturinn a.m.k. 16 greiðsluáætlanir við félagið, að beiðni þess, sbr. 12. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Fela þær í sér áætlun um greiðsludreifingu og eru meðal annars gerðar í því skyni að létta greiðslubyrði og fresta innheimtuaðgerðum.
- 9 Þann 11. mars 2021 gerði Skatturinn árangurslaust fjárnám hjá félaginu og undirritaði stefnandi í framhaldinu greiðsluáætlun hjá Skattinum í flokki B, þar sem fram kom yfirlýsing félagsins um eignaleyfi og ógjaldfærni, samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Yfirlýsingin felur í sér að vanefnd skuldara á greiðsluáætluninni jafngildir staðfestingu á ógjaldfærni viðkomandi aðila. Á þessum tíma námu skuldir félagsins við innheimtumann ríkissjóðs rúmlega 236 milljónum króna miðað við umrædda greiðsluáætlun. Voru gerðar alls sex greiðsluáætlanir á tímabilinu frá 11. mars 2021 til 14. febrúar 2023, sem innihéldu yfirlýsingar um ógjaldfærni.
- 10 Verksamningar stefnanda vegna byggingaframkvæmda að Eyrarvegi 34a og 34b, Selfossi, og Brautarholti 16, Reykjavík, voru í uppnámi seinni part árs 2022 vegna vanefnda samkvæmt gögnum málsins. Verkkaupi rifti samningunum með yfirlýsingum 14. júlí 2023 og hafði uppi fjárkröfur í framhaldinu vegna vanefnda að fjárhæð um 830 milljónir króna, samkvæmt bréfum dags. 18. september og 13. október 2023. Í skýrslu Óla Vals hjá skiptastjóra kom fram að þegar greiðslur hafi ekki borist vegna þessara verkefna hafi félagið hafist handa við að segja upp starfsmönnum, en öllum starfsmönnum var sagt upp um mánaðamótin apríl – maí 2023.
- 11 Eftir yfirferð gagna búsins lýsti skiptastjóri 11. júlí 2024 yfir riftun greiðslna til Skattsins á tímabilinu 8. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023, samtals að fjárhæð 386.391.215 króna, og gerði fjárkröfu sömu fjárhæðar. Skatturinn svaraði erindi skiptastjóra með bréfi 29. júlí 2024 og féllst á riftun fjögurra greiðslna á tímabilinu 3. apríl til 24. júlí 2023 á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991, en hafnaði kröfunni að öðru leyti. Voru stefnanda samdægurs endurgreiddar 131.563.827 krónur vegna riftunarinnar. Áður en svar Skattsins barst við riftunarkröfunni hafði stefnandi höfðað mál þetta 25. júlí 2024.
- 12 Í endanlegri kröfugerð í málinu hefur stefnandi tekið tillit til endurgreiðslu stefnda. Auk þess hefur stefnandi fallið frá riftun fjögurra greiðslna sem tryggðar voru með lögveði. Endanlegar kröfur stefnanda lúta að eftirfarandi greiðslum:

**Dagsetning**

greiðslu	Skýring	Móttakandi greiðslu	Fjárhæð kr.	
08.08.2023	Virðisaukaskattur	Fjárýsla ríkisins	657.696	
24.07.2023	Greiðsluáætlun	Skatturinn	16.275.832	Rift
17.07.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	21.248.262	
15.06.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	22.491.696	
05.06.2023	Virðisaukaskattur	Fjárýsla ríkisins	633.936	
02.06.2023	Greiðsluáætlun	Skatturinn	50.000.000	Rift
15.05.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	20.392.619	
05.04.2023	Virðisaukaskattur	Fjárýsla ríkisins	475.053	
03.04.2023	Greiðsluáætlun	Ríkissjóðsinnheimtur	287.995	Rift
03.04.2023	Greiðsluáætlun	Skatturinn	65.000.000	Rift
15.03.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	28.803.768	
28.02.2023	Greiðsluáætlun	Ríkissjóðsinnheimtur	65.000.000	
15.02.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	9.488.239	
06.02.2023	Virðisaukaskattur	Fjárýsla ríkisins	484.776	
16.01.2023	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	25.614.289	
15.12.2022	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	31.242.672	
05.12.2022	Virðisaukaskattur	Fjárýsla ríkisins	1.848	
15.11.2022	Staðgreiðsluskattur	Fjárýsla ríkisins	27.713.096	
		<b>Samtals</b>	<b>385.811.777</b>	

- 13 Helstu álitæfni málsins eru hvort uppfyllt séu riftunarskilyrði 141. eða 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og hvort stefnandi eigi rétt á skaðabótavæxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því að riftanlegar greiðslur voru inntar af hendi, þ.m.t. vegna greiðslna sem stefndi hefur fallist á að séu riftanlegar og endurgreitt.

*Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

- 14 Stefnandi kveðst aðallega byggja kröfur sínar um riftun á 141. gr. laga nr. 21/1991, en til vara á 134. gr. Markmið málsóknarinnar sé að endurheimta verðmæti sem ekki séu til reiðu til fullnustu kröfuhöfum þrotabúsins. Rétt til skaðabóta reisi stefnandi á 1. og 3. mgr. 142. gr. laganna, en rétt til endurgreiðslu auðgunar reisi stefnandi á 1. mgr. 142. gr., verði fallist á riftun á grundvelli 1. mgr. 134. gr.
- 15 *Riftunarregla 141. gr. laga nr. 21/1991* Stefnandi byggir *áðallega* á því að framangreindar greiðslur til stefnda á tímabilinu 8. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023 séu riftanlegar á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslurnar hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra og leitt til þess að eignir félagsins hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Félagið hafi verið ógjaldfært er greiðslurnar fóru fram og stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins, sem og þær aðstæður sem leiddu til þess að greiðslurnar hafi verið ótilhlýðilegar. Í því sambandi vísar stefnandi m.a. til yfirlýsinga félagsins um eignaleyfi og ógjaldfærni samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, sem verið hafi að finna í greiðsluáætlunum félagsins frá og með 11. mars 2021.
- 16 Kröfur vegna vangoldinna skatta njóti stöðu almennra krafna samkvæmt 113. gr. gþl. og sé þeim því ætlað að sitja við sama borð og aðrar almennar kröfur.
- 17 Stefnandi bendi sérstaklega á að greiðslu þann 28. febrúar 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, auk greiðslna sem þegar hafi verið rift með samþykki stefnda, en það séu greiðslur þann 3. apríl 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, þann 2. júní 2023 að fjárhæð 50.000.000 króna, og þann 24. júlí 2023 að fjárhæð 16.275.832 króna, sem hafi verið til komnar vegna greiðsluáætlana sem hafi ítrekað verið vanefndar og falið í sér greiðslur inn á kröfur sem hafi verið í vanskilum um langt skeið.
- 18 Stefnandi telji greiðsluáætlun frá 14. febrúar 2023 hafa verið fallna niður í apríl 2023 vegna áfallandi gjalda að fjárhæð 25.000.000 krónur sem hafi verið á gjalddaga 15. mars 2023. Þetta hafi þýðingu við mat á grandsemi stefnda um ógjaldfærni og hvort greiðsla teljist venjuleg eftir atvikum.

- 19 Gögn málsins sýni að stefndi hafi fengið greitt hlutfallslega meira en fjölmargir kröfuhafar, þ.m.t. Gildi- lífeyrissjóður sem þó sé forgangskröfuhafi. Kröfuhöfum hafi því verið mismunað eftir að félagið hafi verið orðið ógjaldfært.
- 20 Eftir því sem við eigi kveðst stefnandi einnig vísa hér til umfjöllunar sinnar varðandi ógjaldfærni félagsins og umfjöllunar um riftun á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991.
- 21 *Riftunarregla 134. gr. laga nr. 21/1991.* Hvað varðar greiðslur inntar af hendi á tímabilinu 15. mars 2023 til 8. ágúst 2023, sex mánuðum fyrir frest dag, samtals að fjárhæð 226.786.295 króna, byggir stefnandi *til vara* á því að þær hafi skert greiðslugetu félagsins verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi telji raunar að líta verði svo á að með samþykki stefnda á riftun fjögurra greiðslna, samtals 131.563.827 króna, af 226.786.295 króna greiðslum á tímabilinu, hafi stefndi viðurkennt að greiðslurnar hafi skert greiðslugetu félagsins verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Eftir standi þá einungis spurningin hvort greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.
- 22 Ef ekki verði fallist á framangreindan skilning verði að líta til fjárhagsstöðu stefnanda er hinar riftanlegu greiðslur fóru fram í víðu samhengi, einkum hvaða eignir hafi verið til ráðstöfunar á þessu tímabili. Þá þurfi að bera fjárhæð hinna riftanlegu greiðslna saman við aðrar greiðslur sem inntar voru af hendi á þessum tíma.
- 23 Líta eigi á allar greiðslur stefnanda til stefnda tímabilinu sem eina heild, en samanlagt hafi greiðslurnar skert greiðslugetu stefnanda verulega. Greiðslur að fjárhæð 226.000.000 hafi numið 26% af metinni eignastöðu félagsins um áramótin 2022 - 2023, að mati stefnanda. Greiðslurnar jafngildi 18,9% af bókfærðum tekjum félagsins á árinu 2023, sem hafi verið um 1,2 milljarðar króna, miðað við stöðuyfirlit úr rafrænu bókhaldi.
- 24 Stefnandi telji að sérstaklega verði að skoða stöðuna í byrjun júní 2023, en félagið hafi greitt samtals 131.720.041 krónu til stefnda á tímabilinu 15. maí til 8. ágúst 2023. Stefnandi hafi tekið saman yfirlit yfir inn- og útborganir á bankareikningi félagsins á tímabilinu 1. júní til 13. október 2023, þegar síðasta færslan hafi átt sér stað. Af þessu yfirliti megi ráða að innborganir hafi numið samtals 530.643.616 krónur, en útborganir samtals 566.528.739 krónur, þar af hafi runnið samtals 111.327.041 króna til innheimtumanns ríkissjóðs, eða u.þ.b. 20%.
- 25 Eftir því sem við eigi kveðst stefnandi einnig vísa hér um til umfjöllunar sinnar varðandi ógjaldfærni félagsins og umfjöllunar um riftun á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991.
- 26 *Um ógjaldfærni stefnanda.* Stefnandi kveðst telja einsýnt að félagið hafi verið ógjaldfært í skilningi 64. gr. laga nr. 21/1991 eigi síðar en seinni hluta árs 2022 og að stefndi hafi mátt vita um ógjaldfærni félagsins þegar hinar riftanlegu greiðslur fóru fram. Um áramótin 2022-2023 hafi opinber gjöld í vanskilum verið samtals 309.204.169 krónur, þar af um 303.000.000 króna frá 2021, samkvæmt stöðu hjá innheimtumanni ríkissjóðs 31. desember 2022. Á sama tíma hafi félagið skuldað öðrum kröfuhöfum háar fjárhæðir, m.a. lífeyrissjóðum 143.034.755 og undirverktökum, efnissölum og hönnuðum samtals 108 milljónir króna. Miðað við lýstar kröfur og önnur fyrirliggjandi gögn hafi gjaldfallnar kröfur numið a.m.k. 796 milljónum króna á þessum tíma og skuldir umfram eignir verið a.m.k. 1.080 milljónir króna. Premur mánuðum fyrir frest dag hafi gjaldfallnar kröfur numið 930 milljónum króna.
- 27 Stefnandi gerir þann fyrirvara við mat sitt á eignum og skuldum félagsins um áramótin 2022-2023 að vegna óvissuþátta hafi stefnandi litið fram hjá kröfum á og skuldum við tengda aðila við gerð yfirlitsins. Ennfremur hafi stefnandi dregið frá eignum 218.619.678 krónur vegna útskatts sem hann telji félagið ekki hafa skilað. Þá kveðst stefnandi telja aðrar eignir samkvæmt bókhaldi félagsins vera oftaldar. Stærsti liðurinn sé „verk í vinnslu“ að fjárhæð 640.179.305 krónur, en í bókhaldinu sé ekki tilgreint hvaða verk standi þar að baki og um sömu fjárhæð sé að ræða og hafi verið tilgreind í ársreikningi 2021. Loks liggja fyrir að við skiptameðferð félagsins hafi ekki fundist nein áhöld og tæki.
- 28 Fjárhagsstaða félagsins hafi farið sífellt versnandi á árinu 2023. Samkvæmt stöðuyfirliti um rekstur félagsins úr rafrænu bókhaldi hafi tap á árinu 2023 numið 665 milljónum króna, þar af 460 milljónum króna frá 8. mars 2023, eða sex mánuðum fyrir frest dag.
- 29 Stefnandi hafi um langt skeið fyrir gjaldþrotið verið í vanskilum með opinber gjöld, en gerðar hafi verið a.m.k. 16 greiðsluáætlanir við Skattinn á tímabilinu 22. janúar 2020 til 13. febrúar 2023. Félagið hafi nær

- aldrei staðið við gerðar greiðsluáætlanir og skuldir þess við innheimtumann ríkissjóðs farið vaxandi frá því að fyrsta greiðsluáætlunin var gerð. Lögboðnir dráttarvextir leggist á skatta og gjöld, þrátt fyrir að um þau hafi verið gerð greiðsluáætlun, sbr. 12. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Gögn sem skiptastjóri hafi fengið afhent frá innheimtumanni beri með sér að félagið hafi ekki staðið við greiðslur samkvæmt umræddum áætlunum. Gerðar hafi verið nýjar greiðsluáætlanir og heildarfjárhæð skuldar stefnanda farið vaxandi með hverri nýrri áætlun án þess að ráðist hafi verið í vanskilaaðgerðir.
- 30 Við tíundu áætlunina, sem gerð hafi verið 11. mars 2021, hafi skuld stefnanda staðið í 236 milljónum króna, en sú áætlun hafi verið gerð eftir árangurslaust fjárnám og í henni hafi verið að finna yfirlýsingu félagsins um eignaleysi og ógjaldfærni, samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í ágúst 2021 hafi verið ritað undir nýja greiðsluáætlun í flokki B, eftir árangurslaust fjárnám, en þar virðist skuldastaða félagsins hafa batnað og staðið í rúmlega 206 milljónum króna. Greiðsluáætlunin hafi gert ráð fyrir sex greiðslum, hverri að fjárhæð 10.000.000 kr., þeirri fyrstu 10. ágúst 2021 en eftir það mánaðarlega frá 1. september 2021. Í greiðsluáætluninni hafi verið yfirlýsing félagsins um eignaleysi og ógjaldfærni, samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Hið sama eigi við um greiðsluáætlun 27. september 2021, en þá hafi skuldin numið 292 milljónum króna. Áætlunin hafi verið vanefnd í ársbyrjun 2022.
- 31 Ný áætlun hafi verið gerð 3. maí 2022 eftir árangurslaust fjárnám með yfirlýsingu um ógjaldfærni eins og áður. Skuldin hafi á þessum tíma staðið í 228 milljónum króna. Áætlunin hafi ekki verið efnd samkvæmt efni sínu.
- 32 Þann 4. nóvember 2022 hafi enn verið gerð greiðsluáætlun eftir árangurslaust fjárnám með yfirlýsingu um ógjaldfærni. Nú hafi skuldin verið komin niður í 183 milljónir króna. Ekki verði séð að greiðsla hafi verið innt af hendi samkvæmt áætluninni.
- 33 Loks hafi verið ritað undir greiðsluáætlun þann 13. febrúar 2023 eftir árangurslaust fjárnám, skuldastaðan hafi þá verið um 371 milljón króna. Gert hafi verið ráð fyrir fjórum greiðslum, fyrst þann 14. febrúar 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna, næst 1. mars 2023 að sömu fjárhæð, þá 1. apríl 2023 að fjárhæð 78.000.000 króna og loks 1. maí 2023 að fjárhæð 15.000.000 króna. Ljóst virðist að þessi greiðsluáætlun hafi verið vanefnd frá upphafi, en fyrsta greiðsla samkvæmt henni hafi ekki borist fyrr en 28. febrúar 2023.
- 34 Stefnandi telji með vísan til framangreinds að Skattinum hafi verið fullkunnugt um ógjaldfærni félagsins um nokkuð langt skeið, í það minnsta frá 10. mars 2021, þegar árangurslaust fjárnám fór fram hjá félaginu. Sú háttsemi Skattsins að ákveða degi síðar að gera greiðsluáætlun við félagið, með yfirlýsingu um eignaleysi, renni stöðum undir mat stefnanda. Í síðasta lagi þegar félagið vanefndi greiðsluáætlun dagsetta 4. nóvember 2022, hafi Skattinum mátt vera fullkunnugt um ógjaldfærni félagsins. Sú greiðsluáætlun hafi verið vanefnd frá fyrsta degi og ekki verði séð að ein einasta greiðsla hafi verið innt af hendi til Skattsins á grundvelli hennar. Vanskil á opinberum gjöldum hafi verið langvarandi og farið hækkandi. Þann 31. janúar 2023 hafi þau verið orðin 369.000.000 króna.
- 35 Stefnandi hafi gert verksamninga vegna framkvæmda að Eyrarvegi 34a og 34b, Selfossi, og Brautarholti 16, Reykjavík, sem hafi verið í uppnámi seinni hluta árs 2022 vegna verulegra vanefnda. Fyrirséð hafi verið að hafðar yrðu uppi kröfur af hálfu verkkaupa m.a. vegna tafabóta, gæðafrávika, ólokinna verkþátta, og ofgreiðslu, samkvæmt bréfaskiptum á tímabilinu 26. júní 2023 til 23. október 2023, kröfulýsinga OS Bygg ehf., OS Bygginga ehf. og Funabergs fasteignafélags ehf. og skýrslugjöf Óla Vals, forsvarsmanns stefnanda, hjá skiptastjóra 1. desember 2023. Verksamningum vegna framangreindra framkvæmda hafi öllum verið rift 4. júlí 2023 og hafðar uppi fjárkröfur í kjölfarið að fjárhæð um 830 milljóna króna, samkvæmt bréfum 18. september og 13. október 2023.
- 36 Framangreind verkefni hafi verið helstu verkefni félagsins samkvæmt Óla Vali. Þar sem greiðslur hafi hætt að berast vegna verkefnanna hafi félagið farið að segja upp starfsfólki og verkkaupi rift í framhaldinu vegna tafa á afhendingu, sem hafi verið fyrirséðar samkvæmt forsvarsmanni stefnanda. Öllu starfsfólki hafi verið sagt upp mánaðarmótin apríl/maí 2023 og eiginlegri starfsemi félagsins lokið í ágúst 2023.
- 37 Stefnandi kveður lýstar kröfur í búið nema samtals 2.509.484.019 krónum, en þar af nemi forgangskröfur 208.337.097 krónum. Þrotabúið sé eignalaust. Stefnandi telji lýstar kröfur og eignaleysi þrotabúsins, ásamt

því sem að framan er rakið, staðfesta að félagið hafi verið ógjaldfært löngu áður en það var tekið til gjaldþrotaskipta.

- 38 Stefnandi kveður framangreint byggja á rafrænu bókhaldi félagsins og öðrum gögnum er liggi fyrir í málinu. Hins vegar ríki óvissa um mörg atriði er lúti að fjárhagsstöðu félagsins, m.a. vegna verulegra annmarka á bókhaldslegri meðferð og vsk-skila félagsins, auk þess sem bókhaldsgögn félagsins hafi ekki fengist afhent. Hvað sem því líði telji stefnandi félagið hafa verið ógjaldfært í skilningi 64. gr. laga nr. 21/1991 í nóvember 2022.
- 39 Stefnandi telur sölu á öllu hlutafé Fasteflis ehf. í stefnanda til Ainars Berzins, þremur vikum fyrir gjaldþrotið á 1 kr., hafa verið til málamynda í því skyni að koma bókhaldsgögnum félagsins undan. Téður Ainar hafi ekki fundist þrátt fyrir tilraunir skiptastjóra. Við forsvarsmönnum félagsins hafi blasað gjaldþrot og þeir fengið Ainar til að taka við félaginu, en slíkt sé vel þekkt í aðdraganda gjaldþrots. Bókhald félagsins hafi ekki fundist. Þá hafi Óli Valur ekki orðið við því að afhenda skiptastjóra ýmiss gögn og upplýsingar, m.a. kaup- og leigusamninga. Kveðst stefnandi telja forsvarsmenn félagsins hafa sýnt af sér ýmis konar misferli í rekstri þess og m.a. brotið gegn bókhaldslögum, lögum um virðisaukaskatt, lögum um gjaldþrotaskipti, lögum um einkahlutafélög og almennum hegningarlögum með háttsemi sinni.
- 40 *Skaðabætur og/eða endurgreiðsla auðgunar.* Stefnandi byggir á því að stefndi hafi haft hag af hinum riftanlegu greiðslum sem nemur 385.811.777 krónum. Sú fjárhæð svari til þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Stefndi hafi verið grandsamur um riftanleika ráðstafana í öllum tilvikum. Því beri að dæma stefnda til greiðslu skaðabóta í samræmi við 1. og 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Verði ekki á það fallist beri að dæma stefnda til endurgreiðslu auðgunar samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 verði fallist á riftun á grundvelli 1. mgr. 134. gr. sömu laga.
- 41 Um skaðabóta- og dráttarvexti vísar stefnandi til 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hvað varðar greiðslur þær sem stefndi hafi samþykkt riftun á, þá eigi stefnandi rétt á skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laganna af þessum greiðslum til greiðsludags 29. júlí 2023. Um upphafsdag dráttarvaxta vísar stefnandi til 4. mgr. 5. gr. laganna.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

- 42 Stefndi byggir á að við úrlausn málsins eigi að taka tillit til endurgreiðslu Skattsins 29. júlí 2024, í kjölfar þess að fallist var á riftun fjögurra greiðslna 3. apríl, 2. júní og 24. júlí 2023, þannig að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda um riftun umræddra greiðslna og kröfufjárhæðin lækkuð sem nemur 131.563.827 krónum. Stefnandi eigi ekki rétt til vaxta af umræddri fjárhæð, en í öllu falli geti réttur hans til vaxta af fjárhæðinni ekki náð yfir lengra tímabil en til greiðsludags 29. júlí 2024. Þá séu ekki skilyrði fyrir hendi til að dæma dráttarvexti.
- 43 Að ofangreindu frágengnu sé sýknukrafa stefnda reist á því að skilyrði séu ekki uppfyllt fyrir riftun annarra greiðslna en að framan greinir.
- 44 *Skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991.* Stefndi byggir á að hvorki séu uppfyllt skilyrði 141. gr. né almenn skilyrði riftunar XX. kafla laga nr. 21/1991 til að rifta greiðslum þeim sem stefnandi krefst riftunar á. Fjárhæð þeirra greiðslna, sem nú sé deilt um, nemi 254.247.950 krónum.
- 45 Nánar tiltekið hafi verið um að ræða átta greiðslur á eindaga á staðgreiðslu og tryggingagjaldi að fjárhæð samtals 186.994.641 króna, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda; fimm greiðslur á gjalddaga á virðisaukaskatti að fjárhæð samtals 2.253.309 krónur, sbr. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt; og að lokum eina greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun frá 14. febrúar 2023 að fjárhæð 65.000.000 króna sem innt hafi verið af hendi í samræmi við samkomulag aðila innan 30 daga frá gerð áætlunarinnar og ráðstafað inn á tvö virðisaukaskattstímabil ársins 2020 í samræmi við reglur nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda.
- 46 Stefndi telji að eðlilegt og nauðsynlegt hafi verið fyrir félagið að inna framangreindar greiðslur af hendi, en félagið hafi verið í rekstri fram í ágúst 2023 og haft fjölmarga starfsmenn á launum. Greiðslurnar sem fram fóru á gjalddaga eða eindaga hafi verið venjulegar ráðstafanir sem hafi verið nauðsynlegar fyrir reksturinn og endurspeglað umfang hans. Forsvarsmenn félagsins hafi lýst yfir að erfiðleikar myndu líða hjá. Greiðsla 28. febrúar 2023 í samræmi við samkomulag samkvæmt greiðsluáætlun frá 14. febrúar 2023

- hafi heldur ekki verið á ótilhlýðilegan hátt stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Aðstæður hafi verið aðrar en síðar varð, greiðslan hafi verið í samræmi við áætlun og hvorki verið óvenjuleg né óeðlileg, að minnsta kosti ekki eins og hún hafi horft við stefnda.
- 47 Greiðslurnar hafi einnig tengst viðleitni félagsins til að endurskipuleggja fjárhag sinn og viðhalda starfsemi sinni. Fjárhæð greiðslanna nemi enn fremur lágu hlutfalli af hvort heldur eignum og skuldum eða tekjuflæði á þeim tíma sem þær voru inntar af hendi eða heildarupphæð lýstra krafna á hendur stefnanda, sem nemi rúmum 2,5 milljörðum króna. Þá hafi greiðslurnar verið nauðsynlegar félaginu til að varna því að innheimtumaður ríkissjóðs beitti frekari innheimtuúrræðum eða að lögbundið álag legðist á kröfurnar, sbr. meðal annars lög nr. 45/1987 og 50/1988.
  - 48 Af ofangreindum ástæðum telji stefndi hvorki unnt að líta svo á að ráðstafanirnar hafi verið ótilhlýðilegar stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa né að þær hafi leitt til þess að eignir þrotamanns yrðu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Þá hafi þær ekki raskað jafnræði kröfuhafa að öðru leyti.
  - 49 Framangreindu til frekari stuðnings bendir stefndi á að ósannað verði að teljast að andvirði umræddra ráðstafana, þá sérstaklega þeirrar sem fólst í greiðslu 28. febrúar 2023, hefði runnið til stefnanda ef hún hefði ekki verið greidd innheimtumanni ríkissjóðs í ljósi ráðstafana forsvarsmanna félagsins sem fóru fram í aðdraganda þess að bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta og raktar séu í stefnu.
  - 50 *Ógjaldfærni og grandsemi ósönnuð.* Stefndi byggir einnig á því að ósannað sé að félagið hafi verið ógjaldfært eða orðið það vegna ráðstafananna, en í öllu falli sé því mótmælt að innheimtumaður ríkissjóðs hafi verið grandsamur um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem hafi leitt til þess að ráðstafanirnar hafi verið ótilhlýðilegar. Innheimtumaður hafi verið í góðri trú um að greiðsluferfiðleikar félagsins væru tímabundnir og að félaginu myndi lánast að endurskipuleggja rekstur sinn. Þá hafi innheimtumaður hvorki vitað né mátt vita um ætlaðar uppsagnir á starfsmönnum félagsins um mánaðamótin apríl/maí 2023 og því síður um viðskipti félagsins við önnur félög. Innheimtumaður hafi ekki haft upplýsingar sem hafi gefið annað til kynna en að félagið væri í rekstri og reyndi að endurskipuleggja fjárhag sinn.
  - 51 Gögn málsins sýni að félagið hafi verið í rekstri í tvö og hálf ár frá því árangurslaust fjárnám hafi verið gert í mars 2021 og fyrsta yfirlýsing um ógjaldfærni og eignaleysi hafi verið undirrituð. Aðrir kröfuhafar hafi ekki beitt sér gegn félaginu á þessum tíma og fram að frestdegi 8. september 2023. Þorri greiðsluáætlana sem gerðar hafi verið við félagið hafi verið á tíma Covid-farsóttarinnar 2020-2022 og haft það markmið að greiða fyrir því að félagið kæmist í gegnum erfiðleika er henni fylgdu. Gögn beri með sér að það hafi að einhverju leyti tekist, en endurákvörðun á virðisaukaskatti að fjárhæð 163.000.000 króna vegna árána 2020 til 2021 sem komið hafi til um áramótin 2022 – 2023 hafi breytt stöðunni og félagið óskað eftir ráðrúmi til að greiða það niður og kynnt áætlanir í þeim efnum sem fallist hafi verið á í febrúar 2023. Forsvarsmenn félagsins hafi vísað til nýrra langtímaverksamninga, sem væru hagstæðir auk þess sem unnið væri að aukningu hlutfjár.
  - 52 Félagið hafi verið í umsvifamiklum rekstri fram á árið 2023. Til marks um það hafi félagið haft umfangsmikil byggingaverkefni fram til júlí 2023 og mikinn fjölda starfsmanna. Færslur á bankareikningi félagsins, sýni að einungis á tímabilinu 1. júní til 3. október hafi innborganir verið 530.000.000 króna og útgreiðslur 566.000.000 króna. Lýstar kröfur hafi numið rúmum 2,5 milljörðum króna. Allt framangreint mæli gegn því að félagið hafi verið orðið ógjaldfært eða orðið það við umþrættar ráðstafanir. Stefndandi beri sönnunarbyrði um annað. Einhliða framsetning hans á gögnum nægi ekki í þeim efnum, en stefndandi hafi kosið að afla ekki matsgerðar til sönnunar málatilbúnaði sínum.
  - 53 Með vísan til alls framangreinds byggir stefndi á að ekki séu uppfyllt skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 eða almenn riftunarskilyrði XX. kafla sömu laga til að rifta ráðstöfunum sem fólust í umræddum greiðslum félagsins til stefnda frá 8. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023.
  - 54 *Skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991.* Stefndi hafnar því að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 til riftunar þeirra greiðslna félagsins sem fram fóru innan sex mánaða fyrir frestdag, að undanskildum þeim fjórum greiðslum sem stefndi hafi þegar fallist á að rifta. Nánar tiltekið sé um að ræða fjórar greiðslur á eindaga á staðgreiðslu og tryggingagjaldi að fjárhæð samtals 92.936.345 krónur og þrjár greiðslur á gjalddaga á virðisaukaskatti að fjárhæð samtals 1.766.685 krónur.

- 55 Stefndi mótmælir því að í framangreindu samþykki á riftun hafi falist nokkur viðurkenning á því að greiðslur á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.
- 56 Vísi stefndi til alls þess sem fyrr hafi komið fram, en áhersla sé lögð á að allar umræddar greiðslur hafi verið venjulegar í merkingu ákvæðisins. Greiðslur hafi borist á gjalddaga eða eindaga í samræmi við lagaboð frá félagi sem hafi verið í rekstri með fjölmarga launamenn í vinnu. Af sömu ástæðum sé ekkert í málinu sem bendi til að greitt hafi verið fyrr en eðlilegt var. Þá hafi umræddar greiðslur ekki skert greiðslugetu félagsins verulega. Greiðslurnar endurspegli veltu félagsins með tilliti til launagreiðslna og veltu í virðisaukaskatti.
- 57 Með vísan til alls framangreinds byggi stefndi á því að ekki séu uppfyllt skilyrði til að rifta þeim ráðstöfunum sem hafi falist í greiðslum félagsins til stefnda frá 8. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023 og ekki hafi þegar verið rift. Af því leiði að stefndi telji ekki skilyrði til að fallast á fjárkröfur stefnanda á grundvelli 142. gr. laga nr. 21/1991. Þá sé vaxtakröfum stefnanda mótmælt.

### *Niðurstaða*

- 58 Ágreiningur málsins lýtur að því hvort stefnandi fær á grundvelli 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. rift fjórtán greiðslum til stefnda sem áttu sér stað á tímabilinu 15. nóvember 2022 til 8. ágúst 2023, en bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta 9. nóvember 2023. Frestdagur við skiptin er 8. september 2023. Jafnframt deila aðilar um kröfu stefnanda um bætur á grundvelli 142. gr. laga nr. 21/1991, nái riftun fram að ganga.
- 59 Í fyrsta lagi byggir stefnandi riftunarkröfur sínar á 141. gr. laga nr. 21/1991 en sú heimild til riftunar hefur verið nefnd almenna riftunarreglan. Skilyrði riftunar er að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Það getur lotið að því að ráðstöfun hafi verið kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiði til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Í öllum þremur tilvikunum er áskilið að skuldari hafi verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar svo og að sá sem hafði hag af henni hafi verið grandsamur um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg. Verður við mat á því hvort ráðstöfun sé ótilhlýðileg að horfa til atvika í heild sinni og þeirrar stöðu sem var uppi þegar ráðstöfunin fór fram. Sönnunarbyrði um að þær aðstæður séu fyrir hendi hvílir á stefnanda sem vill rifta umræddum greiðslum.
- 60 Samkvæmt gögnum málsins eiga vanskil stefnanda sér sögu aftur til ársins 2018, en í janúar 2020 stóð skuld stefnanda við stefnda í 44 milljónum króna. Fram hefur komið að Covid-19 farsóttin hafi reynst félaginu þungbær og í árslok 2020 hafði skuld stefnanda vaxið í rúmar 234 milljónir króna. Í árslok 2021 stóð skuldin í rúmunum 283 milljónum króna. Vilji stjórnvalda stóð til þess að gefa atvinnulífina færi á að komast í gegnum erfiðleikana og voru gefin fyrirmæli um að sýna meðalhóf og mildi í innheimtuaðgerðum, sbr. dómvætti Jóhannu Guðbrandsdóttur, deildarstjóra lögfræðiinnheimtu hjá Skattinum. Meginþorri greiðsluáætlana í samræmi við verklagsreglur um greiðsluáætlanir, sbr. 12. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, var gerður á þessum tíma. Munu þær hafa borið þann árangur að skuldin hafi verið komin niður í 183 milljónir króna samkvæmt greiðsluáætlun 4. nóvember 2022. Stefnandi hélt áfallandi gjöldum í skilum á tímabilinu. Endurákvörðun á virðisaukaskatti vegna árana 2020 og 2021, að fjárhæð 163 milljónir króna, leiddi hins vegar til þess að í janúar 2023 stóð skuldin í um 370 milljónum króna. Óskaði stefnandi eftir að gerð yrði ný greiðsluáætlun og kvað félagið í mun betri stöðu til að standa við þetta greiðsluáætlun en félagið hafi verið í árslok 2020. Félagið hafi meðal annars gert hagstæða langtímaverksamninga og ætti von á nýju hlutafé sem myndi styrkja eiginfjárstöðu þess verulega. Gerðu aðilar með sér nýja greiðsluáætlun 14. febrúar 2023, þar sem stefnandi féllst á kröfu Skattsins um hraðari greiðslur inn á vanskilin. Á grundvelli áætlunarinnar greiddi stefnandi 65 milljónir króna 28. febrúar 2023 og 65 milljónir króna 3. apríl 2023. Dráttur varð á frekari greiðslum, en í ljósi þess að félagið hafði sýnt viðleitni til að greiða og forsvarsmenn þess voru í reglulegum samskiptum við Skattinn og gerðu grein fyrir aðgerðum til að bæta hag félagsins og væntanlegum tekjum, kvað vitnið Jóhanna Guðbrandsdóttir Skattinn hafa fallist á aðlögun gjalddaga. Áætlunin hafi verið í gildi til 7. júlí 2023. Aðspurð um greiðslu áfallandi gjalda í mars 2023, sem stefnandi hafi ekki greitt, kvað Jóhanna

Innheimtumanni ríkissjóðs ekki hafa verið kunnugt um það, en Innheimtumaður sé sérstök eining innan Skattsins sem starfi á grundvelli sérlaga og hafi ekki beinan aðgang að upplýsingum um álagningu innan annarra deilda Skattsins. Auk framangreindra greiðslna barst greiðsla 2. júní 2023 að fjárhæð 50 milljónir króna og greiðsla 24. júlí að fjárhæð 16.275.832 krónur. Ágreiningur aðila í málinu vegna greiðslna eldri vanskila lýtur einungis að greiðslunni 28. febrúar 2023, þar sem stefndi hefur fallist á riftun hinna greiðslnanna á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991.

- 61 Ársreikningur fyrir árið 2021 liggur fyrir í málinu, en samkvæmt honum varð smávægilegur hagnaður af rekstri félagsins það ár. Eignir félagsins námu alls 1.176.411.063 krónum og eigið fé var 49.674.052 krónur. Stefndandi byggir á því að félagið hafi orðið ógjaldfært eigi síðar en á seinni hluta árs 2022 og byggir í þeim efnum á eigin greiningu á gögnum sem fyrir liggja. Lýstar kröfur og önnur gögn gefi til kynna að gjaldfallnar kröfur hafi verið 796 milljónir króna í árslok 2022. Skuldir umfram eignir hafi verið 1.080 milljónir króna Samkvæmt samantekt í stefnu úr rafrænu bókhaldi námu eignir stefnanda um 1.220 milljónum króna. Stefndandi gerir ýmsa fyrirvara um óvissuþætti, svo sem vegna vafasamra ráðstafana forsvarsmanna félagsins í aðdraganda gjaldþrotsins og bókhaldsmisferlis. Þá hafi hann litið fram hjá kröfum á tengda aðila og jafnframt dregið frá eignum útskatt að fjárhæð tæpar 220 milljónir króna, sem hann telji félagið ekki hafa skilað. Fyrir liggur að bókhaldsgögn félagsins hafa ekki fundist og ársreikningur fyrir árið 2022 hefur ekki verið gerður. Þrátt fyrir að framangreind greining stefnanda veiti vissulega vísbendingu um greiðsluferfiðleika félagsins í árslok 2022, þá verður að fallast á það með stefnda að varhugavert sé að telja sannað á grundvelli hennar að félagið hafi verið ógjaldfært á því tímamarki. Í það minnsta hafi stefnda ekki mátt vera það kunnugt. Verður í því sambandi að horfa til þess að félagið virðist hafa verið í fullum rekstri fram á sumar 2023, haft mikinn fjölda manns í vinnu og unnið að umfangsmiklum byggingaverkefnum. Þá bera gögn með sér að taprekstur á árinu 2023 hafi verið 665 milljónir króna, þar af 460 milljónir króna á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.
- 62 Þá liggur ekkert fyrir í málinu um að aðrir kröfuhafar en stefndi hafi haft uppi innheimtuaðgerðir, svo sem fjárnám, gagnvart stefnanda allt frá árinu 2021. Stefndandi hefur því ekki sýnt fram á að stefnda hafi mátt vera kunnugt um skuldastöðu félagsins gagnvart öðrum kröfuhöfum. Gerð greiðsluáætlana með yfirlýsingu félagsins um eignaleyxi og ógjaldfærni, samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, verður heldur ekki talin sýna fram á að ekki myndi rætast úr erfiðleikum félagsins, enda liggur fyrir að félagið var í rekstri í tvö og hálf tít frá því fyrsta yfirlýsingin þess efnis var undirrituð. Þá skýrði vitnið Jóhanna Guðbrandsdóttir frá því að greiðsluáætlanir væru árangursríkt úrræði og einungis 13% fyrirtækja sem gerðu þær yrðu gjaldþrota.
- 63 Hið sama gildir um vanefndaúrræði verkkaupa gagnvart stefnanda og uppsagnir starfsmanna í maí 2023. Þrátt fyrir að slá megi því föstu að á þessu tímamarki hafi félagið verið orðið ógjaldfært þá hefur stefndandi ekki sýnt fram á að stefnda hafi mátt vera kunnugt um það. Þvert á móti töldu forsvarsmenn félagsins stefnda trú um að félagið væri í umsvifamiklum og batnandi rekstri og gögn báru með sér að fjöldi starfsmanna væri þar að störfum.
- 64 Samkvæmt framansögðu skortir á grandsemiskilyrði 1. mgr. 141. gr. laga nr. 21/1991. Verður því ekki fallist á riftunarkröfur stefnanda á grunni ákvæðisins.
- 65 Kemur þá til skoðunar riftunarkrafa stefnanda á grundvelli heimildar 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 til riftunar þeirra ráðstafana sem nefndar hafa verið óvenjulegar greiðslur en 1. mgr. 134. gr. er svohljóðandi: „Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.“ Er fyrst og fremst undir í málinu það skilyrði greinarinnar hvort greidd hafi verið fjárhæð sem skert hafi greiðslugetu þrotamannsins verulega og þá hvort greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.
- 66 Um er að ræða sjö greiðslur á áfallandi virðisaukaskatti og staðgreiðsluskatti tímabilinu 15. mars til 8. ágúst 2023, samtals að fjárhæð 94.703.030 krónur, sem ýmist voru greiddar á gjalddaga eða eindaga. Á tímabilinu voru einnig greiddar fjórar greiðslur vegna eldri vanskila samkvæmt greiðsluáætlun, samtals að fjárhæð 131.563.827 krónur, sem stefndi hefur þegar samþykkt riftun á, eins og áður greinir. Fallist er á með stefnda að í þessu samhengi sé ekki rétt að leggja saman greiðslur til lækkunar eldri skulda annars

vegar og greiðslur áfallandi gjalda hins vegar, enda endurspegli hinar síðarnefndu veltu félagsins með tilliti til launagreiðslna og virðisaukaskattsgreiðslna, sem fylgi áframhaldandi tekjuskapandi rekstri. Hvort heldur lítið er til 1.220 milljóna króna bókfærðra eigna í árslok 2022, samkvæmt samantekt stefnanda, eða 1.204 milljóna króna tekna samkvæmt stöðuyfirliti um rekstur félagsins, þá nema umdeildar greiðslur að fjárhæð 94.703.030 krónur undir 10% þeirra fjárhæða. Í ljósi þess og framangreinds eðlis greiðslnanna verður ekki lítið svo á að þær hafi skert greiðslugetu félagsins verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laganna. Eðli greiðslnanna leiðir ennfremur til þess að líta verður svo á að þær hafi virst eðlilegar eftir atvikum.

- 67 Ekki verður fallist á með stefnanda að stefndi hafi viðurkennt að riftunarskilyrðum væri fullnægt hvað þessar greiðslur varðar með bréfi sínu 29. júlí 2024. Sú málsástæða er haldlaus enda er í nefndu bréfi beinlínis hafnað að rifta þeim greiðslum sem deilt er um í máli þessu. Samkvæmt öllu framansögðu eru ekki efni til riftunar á grundvelli 1. mgr. 134. gr. laganna.
- 68 Svo sem að framan er rakið telur dómurinn ósannað að stefndi hafi verið grandsamur um riftanleika þeirra ráðstafana sem mál þetta varðar. Tekur það einnig til þeirra greiðslna sem stefndi hefur fallist á að rifta. Verður stefndi því jafnframt sýknaður af greiðslukröfum stefnanda á grundvelli 142. gr. laga nr. 21/1991.
- 69 Rétt þykir að málskostnaður falli niður.
- 70 Þórhallur Bergmann lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Þorvaldur Hauksson lögmaður fyrir stefnda. Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfu stefnanda, E34 ehf.

Málskostnaður fellur niður.